

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2024
Tilvísun: 2024040581/GRB

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um jafnræði í skráningu foreldratengsla

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 25. mars 2024 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um skráningu foreldratengsla (þskj. 114, 114. mál á 154. löggjafarþingi).

Persónuvernd veitti umsögn 27. mars 2017 um tillögu til þingsályktunar um jafnræði í skráningu foreldratengsla.

1.

Sú tillaga til þingsályktunar sem nú er til umsagnar gerir ráð fyrir því að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að setja reglugerð á grundvelli ákvæðis 6. mgr. 7. gr. barnalaga nr. 76/2003, um form og framkvæmd skráningar barns í þjóðskrá, með það að markmiði að afnema mismunun í skráningu foreldratengsla.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að mæðrum í samkynja hjúskap eða skráðri sambúð sé gert að afhenda Þjóðskrá Íslands yfirlýsingu um að barn þeirra sé getið með tæknifrjóvgun, ella verði sú kona ein skráð foreldri sem ól barnið. Sama krafa sé ekki gerð til gagnkynhneigðs fólks í hjúskap eða skráðri sambúð sem hafi eignast barn með aðstoð tæknifrjóvgunar þar sem fadernisreglan eða skyldar reglur gildi ekki um skráningu foreldratengsla þess barns sem tvær mæður eignast saman. Enn sé fólki mismunað að þessu leyti á grundvelli kynferðis og kynhneigðar þrátt fyrir að sambærileg þingsályktunartillaga frá 2017 hafi verði samþykkt.

2.

Í 2. mgr. 6. gr. barnalaga nr. 76/2003 segir að kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun teljist móðir barns sem þannig er getið. Sama eigi við um konur sem skráð hafi sambúð sína í þjóðskrá. Í 3. mgr. sama ákvæðis er að finna sambærilega reglu um gagnkynhneigð pör. Hin svokallaða „pater est“ regla er svo lögfest í 2. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. ákvæðisins þar sem segir meðal annars að eiginmaður móður barns teljist faðir þess



ef það er alið í hjúskap þeirra. Í barnalögum er ekki að finna sambærilega reglu um að eiginkona móður barns teljist einnig móðir þess ef það er alið í hjúskap þeirra.

Persónuvernd áréttar það sem kom fram í fyrri umsögn hennar um að stofnunin getir ekki athugasemd við að regla, sambærileg „pater est“ reglunni, verði látin gilda um skráningu foreldratengsla hjá mæðrum í samkynja hjúskap eða sambúð. Sé ætlunin að breyta þeirri framkvæmd sem fyrrnefnd lagaákvæði gera ráð fyrir er það mat Persónuverndar að slíkt kalli á lagabreytingar.

Loks vekur Persónuvernd athygli á misritun í greinargerð með tillögunni þar sem vísað er til 6. mgr. 7. gr. barnalaga í stað 7. mgr. ákvæðisins um að ráðherra sé falið að setja reglugerð um form og framkvæmd skráningar barns í þjóðskrá.

F.h. Persónuverndar,


Gyða Ragnheiður Bergsdóttir